

Hlíf Sigurjónsdóttir

fiðluleikari

Povl Balslev

orgelleikari

Grafarvogskirkja

sunnudaginn 12. febrúar 2023 kl. 17:00

Hlíf Sigurjónsdóttir er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff í Klettafjöllum Kanada. Einnig nam hún hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg.

Haustið 2014 kom geisladiskurinn DIALOGUS út hjá MSR Classics í Bandaríkjunum með einleiksverkum í hennar flutningi, sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana. Maria Nockin, gagnrýnandi Fanfare Magazine, tilnefndi þann disk „CD of the year 2015“. Síðar endurútgaf sama útgáfufyrirtæki tvöfaldan geisladisk frá árinu 2008, þar sem hún lék allar sönötur og partítur fyrir einleiksfiðlu eftir Johann Sebastian Bach. Hafa báðir þessir diskar hlotið mikið lof gagnrýnenda.

Povl Christian Balslev er fæddur í Fjelsted á Fjóni og er kominn af prestum í marga ættliði. Hann nam orgelleik við Sweelinck tónlistarháskólann í Amsterdam 1989–90 og lauk Kirkjutónlistarprófi frá konunglega danska Tónlistarháskólanum 1996 með orgelleik og stjórnun sem höfuðfög.

Povl er tónskáld, píanó- og orgelleikari. Árið 2003 lauk hann námi í leik á klukkaspil og hefur síðan leikið á kirkjuklukkur víða í Evrópu, Bandaríkjunum og Japan. Árið 2002 tók hann við stöðu organista, kantors og klukkaspilsleikara við Vorfrúarkirkjuna í Svendborg á Fjóni og einnig kennir hann við kirkjutónlistarskólann í Løgumklaustri. Povl hefur mikinn áhuga á kór-söng og kórástarfi og stjórnar tveimur kórum í Svendborg. Hann hefur staðið fyrir tónlistarhátíðum þar, t.d. Vorfrúarhátíðinni, kórahátíðinni SyngSydfyn og fjölþjóðlegu klukkaspilshátíðinni sem haldin er þar sérhvert sumar. Þá er hann ötull flytjandi eigin tónlistar og annarra, leikur á píanó jafnt sem orgel og hefur gefið út fjölda geisladiska. Hann hefur samið tónverk fyrir kóra, orgel, kammersveitir og einnig fyrir leikhús og kvikmyndir. Hann heldur fyrirlestra og hefur ritað greinar og bókarkafla um tónlist og árið 2009 kom út eftir hann ævisaga danska tónskáldsins Th. Aagaard þar sem hann rekur einnig sögu söngtónlistar á Fjóni.

Efnisskrá

Antonio Vivaldi

1678–1741

Svíta í A dúr

í útsetningu Adolf Busch

Preludio

Capriccio

Corrente

Adagio

Giga

Arcangelo Corelli

1653–1713

La Folia

fiðlusónata í d moll ópus 5 númer 12

Josef Rheinberger

1839–1901

Sechs Stücke für Violine und Orgel

ópus 150

Thema mit Veränderungen

Abendlied

Gigue

Pastorale

Elegie

Ouverture

<http://www.HlifSigurjons.is>
<http://povlbalslev.dk>